

Ár 2008, miðvikudaginn 6. ágúst, er fundur haldinn í aga- og úrskurðarnefnd KSÍ á skrifstofu Knattspyrnusambands Íslands í Laugardal, Reykjavík, af nefndarmönnum og Sigurði I. Halldórssyni, Kolbeini Árnasyni og Helga R. Magnússyni.

Fyrir er tekið málið nr. 5/2008:
Sameinað félag Íþróttafélagsins Vina, kt: 460206-0300
og Hamrana, kt. 630106-1920
gegn
Prótti Vogum, kt. 640289-2529

Gögn málsins merkt nr. 1-3 liggja frammi. Er nú í nefndinni kveðinn upp svofelldur

ÚRSKURÐUR:

I.

Kærandi:

Sameinað félag Íþróttafélagsins Vina,
kt: 460206-0300,
Kjalarsíðu 14d,
og
Hamrana,
kt. 630106-1920
Fyrirsvarsmenn:
Halldór Oddsson og Sigurður Freyr Sigurðsson

Kærði:

Þróttur Vogum
Kt. 640289-2529
Hafnargötu 17
190 Vogum.
Fyrirsvarsmaður: Gunnar Júlíus Helgason

Mál þetta er mótttekið af skrifstofu KSÍ 4. júní sl. Greinargerð frá kæranda barst 11. júní sl. Greinargerð frá dómara barst 6. júní sl.

Kröfur:

Kærandi krefst þess að Sameinað félag Íþróttafélagsins Vina og Hamrana verði dæmdur 3-0 sigur í leik liðanna í b-riðli 3. deildar Íslandsmótsins í knattspyrnu karla sem fram fór á ÍR-vellinum þann 23. maí sl.

II.

Málsatvik og ágreiningsefni:

Í kæru er málavöxtum lýst á eftirfarandi hátt: " Þann 23. maí 2008 áttust við á ÍR-vellinum í Reykjavík Hamrarnir/Vinir og Þróttur V. í b-riðli 3. deildar Íslandsmótsins í knattspyrnu karla.

Þann 02.10.2007 var á fundi aganefndar Jakob Már Jónharðsson sem er þjálfari Þróttar dæmdur í 2 leikja bann vegna brottvísunar sem hann fékk í leik Reynis S. gegn Þrótti R þann 28. sept sl, en Jakob var þá þjálfari Reynis S.

Jakob er nú þjálfari Þróttar V. en leikbannið fylgir honum engu að síður og er það mat kæranda að hann hafi virt leikbann sitt að vettugi í leiknum. Var hann staddur á áhorfendasvæði vallarins og hrópaði í sífellið skipanir og hvatningarorð inn á völlinn til sinna manna. Urðu fjölmargir vitni að þessu athæfi Jakobs, m.a. Hannes Daði Haraldsson aðstoðardómari sem var að sinna skyldustörfum sínum við sömu hliðarlínu og Jakob stóð við er hann stýrði liði sínu. Leikmenn Hamranna/Vina gerðu dómara og aðstoðardómara 1 viðvart um þessa háttsemi Jakobs í sífelli á meðan á leiknum stóð sem aðhöfðust þó ekki sérstaklega í kjölfar þessara ábendinga kæranda."

Kærandi vísar m.a. til eftirfarandi varðandi röksemdir: "Helstu röksemdir kæranda er vísan í grein 40.1 í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót. Í greininni kemur ótvírætt fram að lið sem notar þjálfara sem er í leikbanni í kappleik, telst hafa tapað viðkomandi leik 0-3.

Hlutverk þjálfara knattspyrnuliðs í kappleik er fyrst og fremst að stjórna innáskiptingum, kalla skipanir og hvatningar til liðs síns og er það einmitt það sem Jakob Jónharðsson þjálfari Þróttar Vogum gerði í leik títnefndum leik, þann 23. maí sl. Fáí þjálfarar að athafna sig svona þegar þeir eru í leikbanni þá er það algjör markleysa að dæma þjálfara í leikbann.

Kærendur hyggjast með vitnaskýrslum frá óhlutdrægum aðilum leitast eftir því að sanna að þjálfari kærðu, sem líkt og hefur komið fram var í leikbanni, hafi í raun verið þátttakandi í leiknum þar sem að hann hafi verið ófeiminn við að kalla skipanir og hvatningar til sinna manna.

Kæranda langar máli sínu til stuðnings að vísa í dóm knattspyrnudómstóls KSÍ í máli knattspyrnudeildar ÍR gegn Leiftri/ Dalvík frá 9. september 2005 í máli nr. 8/2005. Í dómmum er þágildandi ákvæði starfsreglna aganefndar KSÍ sem er efnislega samhljóða grein 13.7 í reglugerð KSÍ um aga- og úrskurðarmál túlkað af dómstólnum með eftirfarandi hætti: **"Þjálfara er óheimilt að vera þar sem hann getur verið í tengslum við lið sitt og verður að ætla að með ákvæðinu sé lagt bann við því að þjálfari hafi eða geti haft afskipti af liði sínu á meðan hann tekur út leikbann. Að þjálfara sé óheimilt að vera þar sem hann getur verið í sambandi við liðið verður ekki túlkað með öðrum hætti að verið sé að reyna að koma í veg fyrir öll samskipti milli þjálfara og liðs hans."** Var þessi túlkun dómstólsins á reglunni enn fremur staðfest í dóm knattspyrnudómstóls KSÍ í máli Íþróttafélagsins Vina gegn Neista Djúpavogi frá 23. ágúst 2006 í máli nr. 8/2006."

Í greinargerð kærða kemur eftirfarandi fram: " Umræddur leikur var heimaleikur kæranda og bar kæranda því að tryggja leiknum videigandi umgjörð.

Heimavöllur kæranda er gervigrasvöllur ÍR. Háttar þannig til að völlurinn er allur umkringdur járngirðingu og frá vellinum út að girðingu eru rétt tæpir 3 metrar. Áhorfendum að leik er því gert að standa á því svæði.

Jakob Már Jónharðsson var meðal áhorfenda að leiknum. Hann stillti sér upp í mestri mögulegri fjarlægð frá varamannabekk liðs síns og sat upp við girðinguna ásamt öðrum

áhorfendum. Þar sat hann og fylgdist með leiknum. Meðan á leik stóð gerði hann enga tilraun til þess að ná til leikmanna sinna né heldur fylgdi hann leikmönnum til búningsherbergja.

Í kæru segir að Jakob hafi hrópað hvatningarorð og skipanir til leikmanna þaðan sem hann stóð. Ennfremur segir í kærinni að leikmenn kæranda hafi gert dómara og aðstoðardómara viðvart í sífellu meðan á leik stóð en að dómara hafi ekkert aðhafst.

Máli sínu til stuðnings vísar kærandi til tveggja dóma knattspyrnudómstóls KSÍ í máli nr. 8/2005 og til dóms nr. 8/2006.

Í fyrri dóminum háttaði þannig til að óumdeilt var að þjálfari kærða Leifturs/Dalvíkur hafði samband við forráðamenn liðs síns meðan á leik stóð. Áttu þau orðaskipti sér stað á svæði milli leikvangs og íþróttahúss í hálfleik. Hver þau orð voru skiptir engu máli enda tilgangur þáverandi ákvæðis 8.6. í starfsreglum aganefndar (núverandi 13.7. gr. reglugerðar um aga- og úrskurðarmál) að tryggja að þjálfari í leikbanni geti ekki haft afskipti af liði sínu.

Í síðari dóminum var þjálfari liðs kærða Leiknis Fáskrúðsfirði í leikbanni. Hann mætti á völlinn og ágreiningslaust var að hann var áminntur af dómara leiksins í hálfleik. Þrátt fyrir áminningu dómara hélt hann uppteknum hætti og því var kæranda dæmdur 3-0 sigur.

Kærandi vitnar til orðalags dóms nr. 8/2005 þar sem segir: „Þjálfara er óheimilt að vera þar sem hann getur verið í tengslum við lið sitt og verður að ætla að með ákvæðinu sé lagt bann við því að þjálfari hafi eða geti haft afskipti af liði sínu á meðan hann tekur út leikbann. Að þjálfara sé óheimilt að vera þar sem hann getur verið í sambandi við liðið verður ekki túlkað með öðrum hætti en að verið sé að reyna að koma í veg fyrir öll samskipti milli þjálfara og liðs hans.“

Með hliðsjón af þessu orðalagi ber að skoða ákvæði gr. 13.7. reglugerðar KSÍ um aga- og úrskurðarmál en þar segir: „Þjálfari eða forystumaður sem tekur út leikbann og mætir á leikstað skal vera meðal áhorfenda frá og með einni klukkustund fyrir leik og þar til dómara hafa gengið til búningsklefa að leik loknum. Á því tímabili má viðkomandi ekki vera á leikvellingum, í búningsherbergjum eða annars staðar þar sem hann getur verið í tengslum við lið sitt. (...)“

Ákvæði þetta tekur af allan vafa um það að þjálfari/forystumaður í leikbanni er heimilt að vera meðal áhorfenda. Engar skorður eru reistar við nærveru þjálfara. Nú háttar svo til að leikvöllir fjölmargra liða í neðri deildum íslenskrar knattspyrnu eru þannig gerðir að nánd við leikmenn er mikil og ennfremur að séu áhorfendur að leik fáir þá er rödd hvers áhorfenda greinilegri. Við slíkar aðstæður verður þjálfari í leikbanni að sýna sérstaka aðgæslu kjósi hann að mæta og horfa á lið sitt spila. En það eitt að viðkomandi þjálfari mæti á leikstað, þar sem svo háttar til, á ekki sjálfkrafa að gefa á honum höggstað.

Í kæru segir að hlutverk þjálfara í kappleik sé fyrst og fremst að stjórna innáskiptingum, kalla skipanir og hvatningar til liðs síns. Hlutverk áhorfenda hlýtur alltaf að vera að kalla hvatningu til leikmanna liðs síns. Kærandi tilgreinir ekki hvaða skipanir þjálfari kærða á að hafa kallað til leikmanna, kærandi tilgreinir ekki hvenær og hvernig skipanir um leikmannaskiptingar komu fram frá þjálfara kærða. Hvatningarhróp eru aldrei grundvöllur skipana og engin slík viðhafði þjálfari kærða, sem var allan tímann meðal áhorfenda leiksins, fjærst varamannabekk liðs síns.

Dómari leiksins og aðstoðardómara gerðu og heldur engar athugasemdir við framgang þjálfara kærða, þrátt fyrir og svo orðrétt sé vísað í kæru kæranda að „leikmenn Hamranna/Vina gerðu dómara og aðstoðardómara 1 viðvart um þessa háttsemi Jakobs í sífellu.“

Kærandi heldur því ekki fram að þjálfari kærða hafi nálgast leikmenn sína fyrir leik, í hálfleik eða jafnvel eftir leik. Kærandi heldur því aðeins fram að þjálfari kærða hafi kallað skipanir og hvatningu til leikmanna sinna frá hliðarlínunni. Hafi svo verið þá eru þau köll og þær skipanir gerðar fyrir opnum tjöldum, kæranda því í lófa lagt að skrá niður athugasemdir þar um, því ber kærandi sönnunarbyrðina.

Á leikskýrslu er skráð að athugasemdir hafi komið fram undir loks leiks frá kæranda um viðveru og framgang þjálfara kærða. Dómari gerir hins vegar ekki athugasemdir við þjálfara kærða.

..... Um öryggi og aðbúnað á knattspyrnuvöllum er fjallað í reglugerð KSÍ um knattspyrnuvelli. Þar segir í 2. gr. að knattspyrnuvöllum héraðs má skipta í fimm flokka og sbr. 2.2. gr. gildir flokkur D um velli sem spilað er á í neðri deildum. Í 3.3. gr. segir að ekki séu aðrar kröfur gerðar að svo stöddu en að nærvera áhorfenda trúfli ekki leikmenn eða starfsmenn leiksins, þ.e. dómara og aðstoðardómara. Gervigras-völlur ÍR er sá leikvangur sem kærandi bauð upp á og bar honum því að tryggja aðstöðu áhorfenda. Þjálfari kærða nýtti sér rétt sinn til að mæta til leiks sem áhorfandi sbr. ákvæði 13.7. gr. reglugerðar KSÍ og til að uppfylla skilyrði sem KSÍ hefur sett þá staðsetti hann sig í mestri mögulegri fjarlægð frá varamannaskýli liðs síns og þeim sem fóru með liðstjórn í umræddum leik.

Kærandi telur að nærvera þjálfara í leikbanni við aðstæður eins og eru á ÍR-vellinum hafi þá þýðingu að leikbann viðkomandi aðila sé markleysa. KSÍ hefur tekið afstöðu til þessara sjónarmið og talið að þjálfari megi, meðan hann er í leikbanni, mæta á völlum sem almennur áhorfandi. Það er þá undir hygguviti viðkomandi þjálfara komið að sýna af sér ábyrga hegðun við þær aðstæður. Telji andstæðingur hins vegar þjálfara hafa brotið gegn þessu og að ástæða sé til kærðu þá verður málsaðili að leggja fram óbyggjandi gögn þar um. Í ljósi þeirrar fullyrðingar kæranda að þeir hafi í sífellu þurft að gera athugasemdir við framkomu þjálfara kærða þá er ljóst að háttarni þjálfara kærða hlýtur að hafa staðið yfir langa stund. Var kæranda því hæg heimatökin að afla viðeigandi gagna af háttseminni, t.d. ljósmynda eða upptöku enda býr annaðhvert mannsbarn nú svo vel að ganga með slík tæki á sér.

Kærandi hefur ekkert lagt fram í málinu sem styður fullyrðingar hans. Dómafordæmi þau sem kærandi vísar til eiga ekki við. Því verður krafa kærða um að úrslit leiksins skuli standa óhögguð útrekuð."

Aga- og úrskurðarnefnd óskaði eftir athugasemdum dómara leiksins vegna málsins og bærust þau í tölvupósti dags. 4. júní sl. þar segir: " Seint í ofangreindum leik kom leikmaður heimaliðsins til mín á vellinum og gerði athugasemd við mig þess efnis að einn áhorfandi leiksins, væri Jakob Jónharðsson þjálfari Þróttar Vogum sem væri í leikbanni vegna brottvísunar. Undirritaður þekkir umræddan þjálfara ekki í sjón, og gat því ekki lagt mat á hvort rétt væri, auk þess sem það fellur ekki undir valdsvið dómara að fylgja eftir framkvæmd úrskurða aganefndar KSÍ, um leikbönn.

Fram að þessu hafði ég ekki veitt honum mikla eftirtekt, fremur en öðrum áhorfendum. Eftir þessa ábendingu frá leikmönnum, þar sem m.a. kom fram að þeir myndu kæra leikinn og endurteknar aðfinnslur þeirra við mig um afskipti hans af leiknum, þar á meðal fullyrðingar leikmanna um að hann væri í símasambandi við liðsstjórn Þróttar gaf ég honum auga eftir því sem tók voru á. Í eitt skipti tók ég eftir að hann var að tala í síma, á sama tíma og annað hvort aðstoðarþjálfari eða liðsstjóri Þróttar. Hvort þeir ræddu saman get ég ekkert fullyrt um.

Umræddur maður var staðsettur nokkra metra frá hliðarlínu vallarins fjær varamannaskýlum og hafði sig ekkert sérstaklega í frammi umfram það sem gera má ráð fyrir af áhorfanda á knattspyrnuleik, með stöku köllum inn á völluminn. Hvers edlis og að hverju þau köll beindust er ég ekki í aðstöðu til að segja til um."

III.

Niðurstaða:

Í máli þessu er deilt um hvort þjálfari kærða hafi brotið gegn ákvæði gr. 13.7. reglugerðar KSÍ um aga- og úrskurðarmál með framgöngu sinni í leik Sameinaðs félags Íþróttafélagsins Vina og Hamrana og Þróttar Vogum í b-riðli 3. deildar íslandsmótsins í knattspyrnu karla sem fram fór á ÍR-vellinum þann 23. maí sl. Í greininni segir m.a.:

„Þjálfari eða forystumaður sem tekur út leikbann og mætir á leikstað skal vera meðal áhorfenda frá og með einni klukkustund fyrir leik og þar til dómara hafa gengið til búningsklefa að leik loknum. Á því tímabili má viðkomandi ekki vera á leikvellinum, í búningsherbergjum eða annars staðar þar sem hann getur verið í tengslum við lið sitt. (...)“

Brot gegn greininni mundu varða við grein 40.1 í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót þar sem segir:

"Lið, sem mætir ólöglega skipað til leiks og félag sem notar leikmann, þjálfara, eða forystumann í leikbanni, telst hafa tapað leiknum með markatölunni 0-3 nema tap hafi verið stærra, þá skal sú markatala ráða. Lið, sem mætir ólöglega skipað til leiks, skal sæta sekt að upphæð allt að kr. 30.000. Félag, sem notar leikmann, þjálfara eða forystumann í leikbanni, skal sæta sektum að upphæð allt að kr. 200.000 sé brotið framið í meistaraflokki."

Aga- og úrskurðarnefnd telur að ekki hafi verið sýnt fram á að þjálfari kærða hafi brotið gegn ákvæði greinar 13.7 í umræddum leik. Af gögnum málsins verður ekki ráðið að hann hafi með framferði sínu farið út fyrir það sem ætla má að honum sé heimilt með því að mæta á umræddan leik sem áhorfandi. Skulu úrslit leiksins því standa óbreytt.

IV.

Úrskurðarorð:

Úrslit leiks Sameinaðs félags Íþróttafélagsins Vina og Hamrana og Þróttar Vogum í b-riðli 3. deildar íslandsmótsins í knattspyrnu karla sem fram fór á ÍR-vellinum þann 23. maí sl. skulu standa óbreytt

Sigurður I. Halldórsson

Kolbeinn Arnason

Helgi R. Magnússon

Um Áfrýjun:

Samkvæmt grein 14.3. í reglugerð KSÍ um aga- og úrskurðarmál er frestur til að áfrýja máli til áfrýjunardómstóls KSÍ 5 dagar frá því að úrskurður aga- og úrskurðarnefndar er kveðinn upp og skulu almennir frídagar ekki taldir með.